



11. maí 2011

-FRÉTTATILKYNNING-

## **Rekstrarafgangur hjá Mosfellsbæ fyrir fjármagnsliði Ársreikningur Mosfellsbæjar 2010 í samræmi við fjárhagsáætlun**

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2010 var kynntur á 558. fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 11. maí 2011 og honum vísað til seinni umræðu sem er fyrirhuguð er 25. maí.

Rekstur sveitarfélagsins á árinu 2010 er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Rekstrarafgangur af samstæðunni að undanskildum fjármagnsgjöldum var 206 milljónir króna. Fjármagnsgjöld voru um 415 milljónir og er því er rekstrarniðurstaða neikvæð sem nemur 205 milljónum á árinu 2010. Veltufé frá rekstri er jákvætt um 182 milljónir króna. Framlegð er 453 milljónir sem nemur 13,2% af skatttekjum.

Bæjarstjórn ákvað í kjölfar efnahagshruns að milda áhrif efnahagsþrenginganna á íbúa sveitarfélagsins og dreifa þeim á þriggja ára tímabil. Lækkun skulda á árunum í aðdraganda hrunsins gera þetta jafnframt kleift. Ekki voru umtalsverðar hækkunar á gjaldskrá og útsvar var níu prósentustigum undir leyfilegu hámarki á árinu 2010. Þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir að halli ársins 2010 verði unninn upp og í áætlun ársins 2011 er gert ráð fyrir hallalausum rekstri.

Rekstur stofnana Mosfellsbæjar er með miklum ágætum. Hagrætt var í rekstri til að mæta lægri tekjum sem og hækkun kostnaðar svo komast mætti hjá því að hækka gjaldskrár vegna þjónustu og leggja þannig meiri byrðar á fjölskyldur. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta stofnana er því ásættanleg fyrir fjármagnsliði.

Uppbyggingu í sveitarfélaginu var fram haldið á árinu 2010 þrátt fyrir krefjandi umhverfi. Nýr skóli var tekinn í notkun og gerðir voru samningar við ríkisvaldið um byggingu hjúkrunarheimilis og framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist á árinu 2011. Fjármögnun þeirra verkefna er tryggð á hagstæðum kjörum og einnig hefur Mosfellsbær unnið markvisst að því að lækka fjármagnskostnað með endurfjármögnun lána á hagstæðari kjörum.

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samtals um 8,1 milljörðum en bókfært verðmæti eigna er 11,7 milljarðar og er eigið fé því 3,6 milljarðar.

-ENDIR-

Meðfylgjandi:

Ársreikningur Mosfellsbæjar 2010

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar 2010.

Lykiltölur úr efnahagsreikningi Mosfellsbæjar 2010.

Ársreikning bæjarsjóðs Mosfellsbæjar má nálgast á slóðinni:  
[www.mos.is/stjornsysla/fjarmal](http://www.mos.is/stjornsysla/fjarmal)

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dögg Auðunsdóttir, forstöðumaður kynningarmála  
 hjá Mosfellsbæ, s. 894 9050/525 6700 [sigridurdogg@mos.is](mailto:sigridurdogg@mos.is) Sjá nánar: [www.mos.is](http://www.mos.is)

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar 2010

Rekstrarreikningur ársins 2010				
(í milljónum króna)	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	Raun	Áætlun	Raun	Áætlun
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Útsvar og fasteignaskattur	3.126	3.152	3.121	3.147
Framlög Jöfnunarsjóðs	321	300	321	300
Aðrar tekjur	659	549	1.066	948
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>4.106</b>	<b>4.001</b>	<b>4.508</b>	<b>4.395</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld	2.424	2.355	2.443	2.371
Annar rekstrarkostnaður	1.418	1.359	1.611	1.554
Afskriftir	185	172	248	236
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.028</b>	<b>3.887</b>	<b>4.302</b>	<b>4.161</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>	<b>79</b>	<b>114</b>	<b>206</b>	<b>234</b>
Fjármagnsgjöld	(293)	(326)	(415)	(453)
Tekjuskattur	0	0	4	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(214)</b>	<b>(212)</b>	<b>(205)</b>	<b>(219)</b>

Úr efnahagsreikningi Mosfellsbæjar 31.12.2010				
(í milljónum króna)	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2010	2009	2010	2009
<b>Eignir:</b>				
Fastafjármunir	9.947	9.562	11.012	10.559
Veltufjármunir	843	863	660	703
<b>Eignir samtals</b>	<b>10.790</b>	<b>10.425</b>	<b>11.672</b>	<b>11.262</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>				
Skuldir og skuldbindingar	7.497	6.918	8.075	7.460
Eigið fé	3.293	3.507	3.597	3.802
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>10.790</b>	<b>10.425</b>	<b>11.672</b>	<b>11.262</b>